



Ársskýrsla Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

Flutt á aðalfundi 24. feb. 2024

Í lok árs 2023 eru í stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps Ragna Björnsdóttir, formaður, Guðríður Guðmundsdóttir, ritari og Díana Símonardóttir, gjaldkeri sem kosin var á aðalfundi í febrúar 2023. Í varastjórn eru Friðsemd Erla Þórðardóttir, Steinunn Jónsdóttir og María Huld Hilmarsdóttir.

Það er ánægjulegt að segja frá því að tíu konur gengu í félagið á árinu 2023. Þær eru: Berglind Ragna Erlingsdóttir, Erla María Kristinsdóttir, Guðbjörg Halldóra Ólafsdóttir, Guðrún Hafðís Hlökkversdóttir, Ilse Häsler, Karitas Häsler, Margrét Gunnarsdóttir, Sigríður B. Guðjónsdóttir, Sigríður Huld Konráðsdóttir og Sandra Gunnarsdóttir. Í lok árs 2023 voru því 66 konur í Kvenfélagi Grímsneshrepps.

Stjórnarfundir á árinu voru átta talsins, félagsfundir 4 og árið viðburðaríkt að vanda. Vinnustundir voru um 1450 klst.

Fyrsti viðburður ársins var í janúar, fræðslufundur á vegum kvenfélaganna í Uppsveitum Árnassýslu „Grunnur að góðu breytingarskeiði með Halldóru Skúladóttur“. Buðu kvenfélögin öllum konum í Uppsveitum Árnassýslu og var fullt út úr dyrum. Við hlutum styrki frá Heilsuefandi sveitarfélögunum, Grímsnes og Grafningshreppi og Hrunamannahreppi.

Í febrúar héldum við aðalfund en mars og apríl einkenndust af undirbúningi fyrir ársfund Sambands sunnlenskra kvenna sem við héldum hér á Borg 29. apríl. Við einsettum okkur að gera daginn eftirminnilegan konum, búa til skemmtilega upplifun og nýta okkur undirbúninginn og fundinn til þess að þjappa okkur saman og skemmta okkur. Þessi ársfundur verður lengi í minnum hafður, þið voruð frábærar og markmið okkar náðust. Ég er stolt af því að tilheyra svona öflugum félagi eins og Kvenfélagi Grímsneshrepps.

Í maí héldum við vorhátíð í Mörkinni, sumarbústaðnum okkar við Sogið og vorfund á Sveitasetrinu Brú.

Í júní tók Verkalýðsfélagið Framsýn sumarbústaðinn okkar á leigu í 11 vikur og erfidrykkja Árna Guðmundssonar frá Arnarbæli var í umsjón okkar þann 8. júní.

Við fórum í Heldriborgaraferð til Grindavíkur þann 7. júní, alls 40 manns. Þar tók Sólveig Ólafsdóttir formaður Kvenfélags Grindavíkur á móti okkur í „Gjánni“ þar sem félagið hefur haft aðstöðu sína. Það er ótrúlegt og sorglegt til þess að hugsa að þetta sé nú hamfarasvæði og að í gegnum „Gjána“ liggi nú opin gjá.

17. júní skryddist Hugdís Erla Jóhannsdóttir skautbúningi félagsins og flutti „Íslendingaljóð“ eftir Jóhannes úr Kötlum og í júní hófum við undirbúning Grímsævintýranna.

Ævintýrin voru svo á sínum stað í ágúst. Grímsævintýranefndir voru sammála um að undirbúningur, framkvæmd og frágangur hefði gengið mjög vel þrátt fyrir að breyta hefði þurft hátíðarsvæðinu vegna framkvæmda.

Í ágúst sendu kvenfélögin sex í Uppsveitum frá sér sameiginlega áskorun til HSU, sveitarstjórna og heilbrigðisyfirvalda um að þau vinni hratt og vel að öryggi íbúa, sumarhúsaeygenda og ferðamanna með því að tryggja og verja stöðu heilsugæslunnar í



Uppsveitum, fastráða lækna og tryggja bakvaktir þeirra, tryggja fasta viðveru sjúkrabíla og bráðaliða allt árið um kring.

Á haustfundi okkar í september fórum við í smá naflaskoðun með Laufeyju Guðmundsdóttur og veltum því fyrir okkur hvernig við vildum sjá félagið okkar þróast. Í lok mánaðarins fórum við í skemmtilega dagsferð í Kerlingarfjöll með viðkomu í Árbúð. Líkt og í heldriborgaraferðinni var fararstjórn í höndum Unnar Halldórsdóttur.

Í lok október héldum við grímuball fyrir börn og fjölskyldur þeirra í samstarfi við unglingadeild Kerhólsskóla og í nóvember var jólabingóið á sínum stað. Báðir þessir viðburðir voru vel sóttir.

Jólafundinn héldum við í „Bragganum“ á Eyrarbakka. Elísa D. Björgvinsdóttir söng jólalög og við héldum glæsilegt pálínuboð.

Á árinu 2023 námu styrkir og gjafir 1.452.553 kr.

Sjóðurinn góði: 500.000 kr.

Sigurhæðir: 300.000 kr.

Hollvinir Grensás: 66.000 kr.

Nemendafélag Kerhólsskóla: 77.000 kr.

Heldriborgaraferð: 368.054 kr.

Fræðsla til kvenna: 41.499 kr.

Gjöf til Kvenfélags Grindavíkur: 100.000 kr.

Við stjórnarkonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps þökkum ykkur kærlega fyrir þátttöku í verkefnum og viðburðum og fyrir allar góðu samverustundirnar. Við hvetjum ykkur nú sem fyrr til þess að gefa kost á ykkur til starfa í nefndum og verkefnum.

Formaður Kvenfélags Grímsneshrepps

Ragna Björnsdóttir



Skýrsla grímsævintýranefndar

Flutt á haustfundi 2023

Grímsævintýranefnd, tombólunefnd og blúndukaffi/markaðsnefnd fundaði rúmri viku eftir Grímsævintýrin. Öllum bar saman um að undirbúningur, framkvæmd og frágangur hefði gengið mjög vel.

Í ár þurftum við vegna framkvæmda að breyta hátíðarsvæðinu og við sem vorum úti fundum fyrir því að það er síðra að vera með dagskránnu á bílaplaninu. Einnig fundum við að það var færri fólk á svæðinu í ár og við urðum varar við það að upp úr kl.15 fór fólk verulega að fækka, enda margt um að vera í nágrenninu.

Tombóluvinningar voru 2500 og var í ár mikið sett í poka og því hægt að númera lang flesta vinninga. Það gaf góða raun. Fram kom að næsta ár ættum við að leggja áherslu á að fá helst alla vinninga á miðvikudegi til þess að geta aftur verið búnar með nær alla uppröðun á fimmtudegi.

Mönnun gekk afar vel á vinnudögum sem og Ævintýradegi. Til umræðu kom á fundinum hvort skoða ætti á næsta ári að hafa dagskránnu frá 13-16 í stað 16:30.

Konum fannst það koma vel út að hafa baksturinn í tjaldinu og það skilaði sér að hafa markaðsborð í íþróttahúsinu. Rætt var að hafa líka posa í kaffihúsinu.

Færri söluborð voru á markaðnum nú en í fyrra og kom til umræðu hvort við gætum ekki gert eitthvað til þess að laða til okkar fleira markaðsfólk og þá sérstaklega aðila sem eru að selja eitthvað úr héraði, t.d. matakyns.

Dagskrárlíðir voru vel heppnaðir en mikilvægt að hátalarakerfið verði nýtt í leiksýningunni að ári.

Engin stórkostleg vandræði sköpuðust þótt við þyrftum að minnka bílastæði og beina umferð á túnið.

Tölurnar sem hér koma ber að taka með fyrirvara þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir en á aðalfundi í febrúar.

Tekjur af Grímsævintýrum:

Tombóla:	1.079.350,-
Kaffihús:	226.800,-
Borð á markað:	106.500,-



Candy Flos: 73.900,-
Markaður: 57.500,-
1.544.050,-

Styrkur frá Landsvirkjun var 150.000kr. og samningur sveitarfélagsins losar 1.000.000 kr. Þannig að í heildina eru þetta um 2.700.000 kr. Það eru um 150.000 kr. minni innkoma en í fyrra. Gjöldin í ár eru á bilinu 550.000-600.000 og er mismunurinn um 2.100.000.

En þessar tölur ber að taka með fyrirvara þar sem eftir er að stemma árið af og uppgjörslað mun lagt fram í ársreikningi.

Til samanburðar var afkoman í fyrra líklega um 200.000 kr. meiri.

Mig langar að þakka ykkur fyrir allt ykkar dýrmæta vinnuframlag og frábært samstarf í öllu ferlinu.

Formaður Kvenfélags Grímsneshrepps

Ragna Björnsdóttir